

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 — 1982

23. ágúst 1982.

829

Nr. 486.

REGLUGERÐ um söluskatt.

I. KAFLI UM SÖLUSKATT

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir í reglugerð þessari.

Auk skatts þess sem um ræðir í 1. mgr. skal greiða í ríkissjóð 2% — tvo af hundraði — söluskattsauka og 1½% — einn og hálfan af hundraði — orkujöfnunargjald, og gilda öll ákvæði reglugerðar þessarar einnig um söluskattsaukann og orkujöfnunargjaldið, að frátalinni 2. gr.

Gjöld skv. 1. og 2. mgr. nefnast einu nafni sölugjald.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess sem um ræðir í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar.

II. KAFLI UM SÖLUSKATTSSKYLDA AÐILA OG TILKYNNINGARSKYLDU

3. gr.

Hver sá sem selur eða afhendir í atvinnuskyni vöru eða verðmæti, og hver sá sem innir af hendi vinnu og þjónustu skal með þeim takmörkunum sem gerðar eru í reglugerð þessari innheimta sölugjald skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. og standa skil á því í ríkissjóð.

4. gr.

Söluskattsskyldir eru m. a.:

1. Allir þeir sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og hafa með höndum einhvern þann atvinnurekstur eða starfsemi sem söluskattsskyld er samkvæmt reglugerð þessari og ekki eru sérstaklega undanþegnir söluskattsskyldu.
2. Allir þeir sem skattfrjálsir eru samkvæmt fyrrgreindum lögum um tekjuskatt og eignarskatt eða sérstökum lögum, ef þeir hafa með höndum sams konar eða hliðstæða starfsemi eða viðskipti og þeir aðilar sem skattsskyldir eru skv. 1. tl. þessarar greinar, svo og opinber fyrirtæki þótt starfsemi þeirra sé ekki sama eðlis, enda séu þessir aðilar ekki sérstaklega undanþegnir söluskattsskyldu.
3. Umboðsmenn og aðrir aðilar sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi söluskattsskylda starfsemi eða viðskipti.

5. gr.

Hver sá sem rekur viðskipti með söluskattsskyldar vörur í eigin nafni eða í umboði annarra, svo og hver sá sem stundar sjálfstæða starfsemi eða selur einhverja þá þjónustu sem

ekki er sérstaklega undanþegin söluskatti, skv. 14. gr. skal ótilkvaddur senda skattstjóra, þar sem hann er heimilisfastur, tilkynningu um atvinnurekstur sinn eða starfsemi.

Þeir sem hefja tilkynningarskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst. Tilkynningar þessar skal senda á þar til gerðu eyðublaði sem fæst hjá skattstjórum. Í tilkynningu skal greina nafn og heimilisfang aðila, firmanafn, ef það er notað, hvers konar rekstur sé um að ræða, hver eða hverjir séu eigendur og hver eða hverjir stjórnendur, framkvæmdastjóri eða prókúruhafi. Einnig skal gefa upplýsingar um önnur atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu.

Ef einhver rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein skal hann senda tilkynningu fyrir hvern þátt starfseminnar sem talinn verður sjálfstæð starfsemi eða sérstök atvinnugrein.

Skattstjórar skulu, hver í sínu umdæmi, gera skrá um alla þá sem tilkynnt hafa starfsemi sína og fengið skírteini er veita þeim heimild til að kaupa vöru, vinnu og þjónustu án söluskatts, sbr. 6. gr. Eintak af skrám þessum skal sent ríkisskattstjóra, svo og allar breytingar á þeim.

6. gr.

Sá sem tilkynnt hefur starfsemi sína skal fá sérstakt skírteini, og veitir það heimild til kaupa á vörum og vinnu til endursölu án söluskatts samkvæmt því sem nánar er fyrir mælt og með þeim takmörkunum sem gerðar eru í 9. og 11. gr. þessarar reglugerðar.

Slík skírteini veita ekki heimild til að kaupa án söluskatts eftirtaldar vörur til endursölu:

1. Vörur sem seldar eru í smásölu, sbr. 1. tl. 33. gr.
2. Vörur sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, sbr. 3. tl. 33. gr.
3. Bensín og olíu, sbr. 4. tl. 33. gr.
4. Vörur sem seljandi telur vafa leika á hvort heimilt sé að selja handhafa skírteinis án söluskatts. Í þeim tilvikum er seljanda óheimilt að falla frá innheimtu söluskatts, sbr. 24. gr.

Skírteini þessi skulu gefin út til ákveðins tíma, en falla þó jafnskjótt úr gildi og skírteinishafi hættir starfsemi þeirri sem þau taka til, enda ber honum þegar í stað að tilkynna það viðkomandi skattstjóra. Einnig skal skírteinishafi tilkynna skattstjóra um breytingar á starfsháttum og heimilisfangi ef starfsemi hættir vegna félagsslita, gjaldþrots eða andláts skal skilanefnd skiptaráðanda eða erfingjar tilkynna slíkt.

III. KAFLI

UM SÖLUSKATTSSKYLDA SÖLU

Almennt.

7. gr.

Söluskatt skal greiða af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin nota eða neyslu innflytjanda, sbr. 1. gr., eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

8. gr.

Söluskattsskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, þ. e. sölu til neytenda. Neytandi telst sá sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni, sbr. 9. gr.

9. gr.

Sé eigi annað fram tekið í reglugerð þessari er sala á vöru skattfrjáls til kaupanda sem ekki er neytandi, enn fremur til kaupanda er kaupir hana sem efni í vöru er hann hefur atvinnu af að framleiða og selja. Skilyrði fyrir því að heimilt sé samkvæmt framansögðu að selja vöru eða vinnu án söluskatts er, að kaupandi hafi atvinnu af að selja sams konar vöru,

eða hann noti sams konar vöru sem efni í vörur er hann framleiðir og selur í atvinnuskyni. Síðara skilyrðið tekur þó eigi til neins konar óvaranlegra rekstrarvara eða hjálparefna, sbr. 11. gr., heldur einvörðungu til hráefna eða hálfunninnar vöru sem tekin er til aðvinnslu eða úrvinnslu, og vöru sem myndar efnispátt eða hluta í nýrri vöru, svo og til fullunninna umbúða, sbr. þó 24. gr.

Eigi má selja vöru án söluskatts samkvæmt þessari grein til annarra en þeirra er tilkynnt hafa starfsemi sína skv. 5. gr. og sýna heimildarskírteini frá skattstjóra um að þeir hafi tilkynnt að þeir hafi með höndum starfsemi sem endurseljendur eða framleiðendur vöru í viðkomandi starfsgrein og heimild til að kaupa vöru án söluskatts.

Með sama hætti og með sömu skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu sem sá, er stundar sjálfstæða starfsemi, innir af hendi við framleiðslu vöru fyrir annað atvinnufyrirtæki sem endurselur verðmæti vinnunnar með vörinni.

Söluskattsskyld sala.

10. gr.

Til söluskattsskyldrar sölu á vöru, verðmætum og þjónustu telst m. a.:

1. Sala eða afhending frá smásala eða smásölufyrirtæki, þar með talin hvers konar pöntunarfélög, lausaverslun, sveitaverslun, tilboðasöfnun, sala vöru í umboðssölu og sala við frjáls uppboð, einnig sala eða afhending frá heildsala eða heildsölufyrirtæki beint til neytanda.
2. Afhending vöru til greiðslu á vöru, vinnu, þjónustu eða öðru sem láta á eða látið hefur verið í té.
3. Sala eða önnur afhending vöru, vinnu eða þjónustu látin í té af iðnaðarmönnum eða iðju- og iðnaðarfyrirtækjum, þar með talin afhending vöru sem framleidd er eða unnið er að eftir pöntun, sbr. þó 14. gr.
4. Sala eða önnur afhending vöru, vinnu eða þjónustu annarra aðila sem stunda sjálfstæða starfsemi.
5. Úttekt úr eigin fyrirtæki, hvort heldur er til einkanota eigandans eða til nota í atvinnufyrirtækinu sjálfu. Gildir þetta bæði um aðkeypta vöru og vöru sem er framleidd eða sætir aðvinnslu í fyrirtækinu, svo og vinnu og þjónustu. Þetta tekur þó eigi til vöru, vinnu eða þjónustu sem undanþegin er söluskatti.
6. Þjónusta viðgerðarverkstæða vegna eigin rekstrar.
7. Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrtistofum, flutningastarfsemi sem ekki er sérstaklega undanþegin, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðslu- og stöðvargjöld, fyrirgreiðslustarfsemi ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, og hvers konar skemmtistarfsemi sem ekki er sérstaklega undanþegin, sbr. 15. og 24. tl. 14. gr., og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu sem innt er af hendi fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.

Til skattskyldra sýninga í kvikmyndahúsum eða leikhúsum teljast hvers konar sýningar þar sem aðgangseyrir er greiddur, annað hvort við inngang eða sem hluti af félagsgjaldi, sbr. þó 24. tl. 14. gr. Skiptir ekki máli þótt sýningar þessar séu ekki fyrir almenning.

Til skemmtistarfsemi teljast hvers konar samkomur fólks þar sem aðgangseyrir er greiddur, annað hvort við inngang eða sem hluti af félagsgjaldi, svo sem söng- og annar tónlistarflutningur, sbr. þó 24. tl. 14. gr., fyrirlestarhald, dansleikir og fjölleikasýningar. Skiptir ekki máli þótt samkomur þessar séu ekki opnar almenningi.

Um innheimtu söluskatts af skemmtanastarfsemi vísast til 2. tl. 33. gr.

8. Sala hvers konar auglýsinga sem ekki er sérstaklega undanþegin.

9. Leiga veitinga- og samkomuhúsnæðis, sbr. þó 6. tl. 14. gr.
10. Sala á raforku frá rafmagnsveitum, sbr. þó 13. tl. 14. gr. Eigi skiptir máli, hvort rafmagnsveita fær orku frá vatns- eða gufuafllsstöð eða mótorraffstöð.
11. Sala hvers konar váttrygginga sem lög nr. 20/1954 taka til, nema sérstaklega sé undanþegin, sbr. 20. tl. 14. gr.

11. gr.

Ávallt skal innheimta söluskatt af orku, orkugjöfum, óvaranlegum rekstrarvörum og hjálparefnum sem eyðast við framleiðslu annarrar vöru eða við aðra notkun, sbr. 1. mgr. 9. gr., nema um sé að ræða sölu til verslunar sem innheimtir söluskatt af smásöluverði vörunnar.

Eftirtaldar vörutegundir eru meðal annarra háðar ákvæðum 1. mgr.:

1. Orka og efni til orkuframleiðslu.

Rafmagn, jarðgufa og hitaorka frá jarðhitaverum, olíur (þó ekki svartolía og gasolía), gas, kol, koks, viðarkol, mór og mótöflur, sbr. þó 11. og 20. tl. 13. gr. og 12. og 13. tl. 14. gr.

2. Vörur vegna vélareksturs og verkstæða.

Smurningsolíur hvers konar, skurðolíur, borolíur, smurningsfeiti hvers konar, tvistur, hreinsiefni, lóðningarfeiti, reimaolíur og reimavax, sandur vegna málmsteypu-gerðar, slípiefni hvers konar, þar með talinn sandpappír, fljótandi og föst fægiefni, stálull o. fl.

3. Vörur til þvotta og hreinsunar.

Sápur, þvottaefni, föst og fljótandi, vökvar til notkunar við fatahreinsun, þvotta-sóti, vítissóti, sótthreinsunarefni, mineral olíur, ræstiduft o. fl.

4. Efnavörur ýmiss konar.

Efnavörur til ljósmynda- og kvikmyndagerðar, ljósprentunar, sútunar, málmhúðunar, litunar, prentmyndagerðar, litprentunar, sterkar sýrur og basar, sölt og önnur efni sem notuð eru við iðnað og framleiðslu, enda myndi þau ekki efnisþátt vörunnar. Enn fremur sprengiefni, bleikiefni, bleikijörð, síuleir (filter aid) o. fl.

5. Ýmsar vörur.

Hvellhettur, kveikjþræðir, ketilsink, hersluduft, stensilpappír, leturmót, dekkpappír, límbönd, umbúðapappír, filmur til offset- og lithografprentunar, svo og önnur þau efni sem að dómi skattýfirvalda falla undir skilgreiningu relgugerðarinnar.

12. gr.

Nú er vara, sem skattskyld er skv. III. kafla þessarar reglugerðar, flutt inn til eigin nota eða neyslu, og skal þá sá sem flytur inn vöruna greiða af henni við tollafgreiðslu 23½% sölugjald (söluskattur, söluskattsauki og orkujöfnunargjald). Skal skattgjaldið þá reiknað af tollverði vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum, auk 10% áætlaðrar álagningar. Tekur gjaldskyldan til gjafa, sýnishorna og annarra þess háttar muna.

Undanþegnar söluskatti skv. 1. mgr. hér á undan eru vörur sem um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar, auk þess vörur sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga, enda séu þær ekki endurseldar.

Ef flutt er inn vara, sem ætluð er til sölu, skal innflytjandi hafa tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína áður en hann afhendir innflutningsskjölin til tollmeðferðar og hafa fengið hjá honum tölusett skírteini sem sýnir að tilkynningarskyldunni hafi verið fullnægt. Þá skal innflytjandi tilgreina á aðflutningsskýrslu hvort vara sé flutt inn til endursölu eða sem efni-vara í söluvöru. Jafnframt skal hann tilgreina skírteinisnúmer. Hafi innflytjandi ekki sölu-skattsskírteini skal hann greiða söluskatt af vörunni við tollafgreiðslu þótt hún sé flutt til endursölu.

Undanþágur.

13. gr.

Sala á eftirtöldum vörum og verðmætum er undanþegin söluskatti:

1. Vörur sem seldar eru úr landi.

Undanþágan tekur aðeins til útflutningsvörunnar sjálfrar en ekki til vinnu eða þjónustu við hana sem skattskyld kann að vera samkvæmt öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, sbr. einnig 11. gr.

2. Vörur sem um ræðir í I. til IV. flokki tollskrárlaga nr. 120/1976 með síðari breytingum og ætlaðar eru til manneldis.

Undanþága samkvæmt þessum tölulíð tekur þó ekki til sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 77/1980 um vörugjald með áorðnum breytingum, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær heldur ekki til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis, þótt það sé ekki gjaldskyld samkvæmt lögum um vörugjald.

Undanþága þessi nær ekki til sölu veitingahúsa, greiðasölustaða eða annarra á tilbúnum mat, en um heimild þessara aðila til að draga innkaupsverð söluskattsfrjálsra matvæla frá heildarveltu áður en söluskattsskil eru gerð fer eftir ákvæðum 3. tl. þessarar greinar.

3. Sá hluti af fæðissölu veitingahúsa, greiðasölustaða og annarra aðila, sem selja tilbúinn mat, er samsvarar innkaupsverði þeirra matvæla sem undanþegin eru söluskatti skv. 2. tl. þessarar greinar eða með öðrum hætti. Skal þessum aðilum heimilt að draga innkaupsverð söluskattsfrjálsra matvæla frá heildarveltu áður en söluskattsskil eru gerð.

4. Fiskumbúðir og kjötpokar.

5. Veidarfæri, svo og efni til veiðarfæragerðar og viðgerðar veiðarfæra.

Þessi ákvæði taka þó ekki til sporttækja og efnis í þau.

6. Salt.

7. Beita, en til hennar telst auk beitusíldar önnur beita úr dýraríkinu.

8. Áburður, þó ekki ef hann er seldur í smásöluumbúðum og innihald með umbúðum vegur eigi yfir 5 kg.

9. Grasfræ og trjáfræ.

10. Fóðurmjöl og hey, svo og annað dýrafóður.

11. Eldsneyti fyrir loftför.

12. Sala innlendra dagblaða og hliðstæðra blaða, svo og tímarita sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.

13. Auglýsingar í dagblöðum, bókum, tímaritum og öðrum ritlingum.

14. Sala á fasteignum, skipum, loftförum og loftfaravahlutum.

Sala og smíði á nýjum skipum er undanþegin söluskatti og innheimtir skipasmíðastöð því ekki söluskatt úr hendi kaupanda eða eiganda skips. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta.

15. Sala á lausafé sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talist til atvinnurekstrar seljanda.

16. Sala á verðbréfum.

17. Sala skipasmíðastöðva og annarra viðgerðaraðila á efni og vélavinnu til skipaviðgerða. Á þetta við um efni og vélavinnu til viðgerða á bol skipa, föstum vélum, tækjum og munum sem telja má venjulegt fylgifé skipa. Undanþágan tekur aðeins til sölu á efni sem viðgerðaraðilar vinna sjálfir úr, og skulu þeir með reikningum sínum staðfesta notkun efnisins eða vélavinnunnar við skipaviðgerðina. Undanþága þessi nær þó ekki til viðgerða eða breytinga á skemmtibátum.

18. Þegar efni til skipaviðgerða er keypt hjá verslunum eða öðrum aðilum, sem ekki annast úrvinnslu þess eða niðurstetningu um borð í skipi, er heimilt að endurgreiða eigendum eða umráðamönnum skips söluskatt af hinu keypta efni. Sama á við um söluskatt sem greiddur er við innflutning skipseiganda sjálfs á efni eða varahlutum til skipaviðgerða. Endurgreiðsla á söluskatti kemur því aðeins til greina að reikningur seljanda beri það greinilega með sér að söluskattur hafi verið greiddur. Umsóknir um endurgreiðslu söluskatts samkvæmt þessum tölulið skulu sendar Siglingamálstofnun ríkisins og skulu þær hafa borist stofnuninni innan árs frá því að viðgerð lauk. Um framkvæmd endurgreiðslu söluskatts, þ. á. m. um lágmarksfjárhæð endurgreiðslubeiðni, skulu að öðru leyti gilda þær reglur, sem settar eru skv. 28. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, um endurgreiðslu tolla af efnivörum, m. a. til skipaviðgerða. Skipseigandi, sem fær endurgreiðslu samkvæmt þessum tölulið, skal tilgreina endurgreiddan söluskatt sérstaklega á skattframtali sínu eða í gögnum með því. Undanþága þessi nær þó ekki til viðgerða eða breytinga á skemmtibátum.
19. Svartolía og gasolía.
20. Kol og koks til húsahtunar og hitunar laugarvatns. Vörur þessar eru söluskattsskyldar til sérhverra annarra nota.
21. Sala eða leiga á kvikmyndum sem gerðar eru til sýninga í kvikmyndahúsum og sjónvarpi, þar með taldar auglýsingakvikmyndir.
22. Prentmyndamót.
23. Varahlutir, vélar og tæki fyrir flugvélar, eftir ákvörðun fjármálaráðherra og með þeim takmörkunum og skilyrðum er hann setur.
24. Eftirgreindar vélar, enda séu þeir ætlaðir til notkunar við fiskvinnslu:
Flökunarvélar, flatningsvélar, roðflettingarvélar, slægingar- og haussturðarvélar, sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.15, svo og hakkavélar, marningsvélar, beinskurðarvélar, flokkunarvélar og fiskþvottavélar sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.19.
25. Vörur sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum: 84.10.32 (dælur úr ryðfríu stáli og/eða plasti ótaldar í öðrum tollskrárnúmerum), 84.11.11 og 84.11.21 (þjöppur fyrir kæli- og frystikerfi og hlutar fyrir þær), 84.15.33, 84.15.39, 84.15.49 (ísvélar, frystiskápar, kæliblásarar og lausfrystitæki og hlutar til þeirra, þ. m. t. eimamarar og þéttar, sem ekki falla undir önnur tollskrárnúmer).
26. Rekaviður.

14. gr.

Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti:

1. Vinna manna við húsbýggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna manna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Á þetta við um hvers konar mannvirki og skiptir ekki máli hver lætur vinnuna í té.

Undanþága á þó ekki við um vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvöru, sem fram fer í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð, heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað.

Nú fer aðvinnsla á efni eða vöru að einhverju leyti fram á verkstæði eða í verksmiðju og að öðru leyti á byggingarstað og er þá sú vinna sem fram fer á byggingarstað skattfrjáls, samanber þó næstu málsgrein.

Þegar settar eru upp vélar á byggingarstað til aðvinnslu á vöru eða efni til mannvirkis, sem að jafnaði er unnið á verkstæði eða í verksmiðju, skal sú vinna eða aðvinnsla teljast skattskyld.

Uppsetning véla eða tækja í verksmiðju eða verkstæði skal teljast söluskattsskyld þótt vinnan fari fram á byggingarstað.

Þrátt fyrir ákvæði 2.—5. mgr. þessa töluliðs skal aðilum, sem framleiða íbúðarhús

eða hús fyrir barnaheimili eða leikskóla í verksmiðjum, heimilt að draga við sölu-skattsskil eftirtalda hundradshluta frá heildarsöluverði uppsettra húsa áður en sölu-skattur er reiknaður:

- a) Sé verksmiðjuframleitt íbúðarhús eða verksmiðjuframleitt hús fyrir barnaheimili eða leikskóla afhent tilbúið undirmálningu og innréttingu með eða án allra lagna 43%
 - b) Sé verksmiðjuframleitt íbúðarhús eða verksmiðjuframleitt hús fyrir barnaheimili eða leikskóla afhent fókheld, óháð því hvort útveggir eru tilbúnir undir málningu og þak er frágengið að utan 42%
2. Vinna við skipa- og loftfaraviðgerðir, hvort sem hún er framkvæmd af verkstæðum, verktökum, einstökum iðnaðarmönnum eða öðrum. Á þetta bæði við um viðgerðir á skips- eða loftfarsbol, föstum vélum, tækjum og munum sem telja má venjulegt fylgifé með skipum eða loftförum.
 3. Vinna við viðgerðir veiðarfæra, þó ekki sporttækja.
 4. Vöruflutningar og fólksflutningar, nema með flugvélum innanlands.
Þó skulu þeir fólksflutningar einnig undanþegnir meðan flugvallagjald er innheimt skv. 3. gr. laga nr. 8/1976 með síðari breytingum.
 5. Upp- og útskipunargjöld, svo og geymsla vara í vörugeymsluhúsum.
 6. Húsaleiga, sbr. þó 9. tl. 10. gr.
Undanþágan á við um húsaleigu almennt, hvort heldur húsnæðið er til íbúðar eða atvinnurekstrar, þar með talin leiga gistisherbergja. Þegar veitinga- eða samkomu-húsnæði er selt á leigu til aðila sem í atvinnuskyni annast tilkynntan söluskattsskyldan rekstur eða starfsemi í húsinu, sbr. 6. og 24. gr., skal eigi greiða söluskatt af leigutækjum leigusala.
 7. Útfararþjónusta.
 8. Þjónusta sjúkráhusa, fæðingarheimila, heilsuhæla og annarra slíkra stofnana.
Undanþágan nær aðeins til þeirrar þjónustu sem nefndar stofnanir láta í té en ekki til söluskattsskyldrar vöru, vinnu eða þjónustu sem þær þurfa sjálfar að kaupa.
Til hliðstæðra stofnana í þessu sambandi teljast elliheimili, vöggustofur, barnaheimili, svo og stofnanir fyrir drykkjusjúka, lamaða og fatlaða.
 9. Sala fasteigna, skipa, loftfara, verðbréfa og annarra þvítíkra verðmæta, en þar til teljast einkaleyfi, hlutabréf og hvers konar fjárkröfur, svo og húsaleigumiðlun.
Undanþágan tekur einnig til miðlaraþóknunar eða umboðsþóknunar til fasteigna-, skipa-, einkaleyfis-, og verðbréfasala.
 10. Lækningar og lögfræðistörf og önnur hliðstæð þjónusta. Til lækninga í þessu sambandi teljast ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarkvenna, þjónusta sálfræðinga og uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir, svo og framleiðsla gervilima og umbúða fyrir lamað fólk.
Þá telst hér til þjónusta endurskoðenda, verkfræðinga, arkitekta, presta og hliðstæðra aðila.
 11. Sala listamanna sjálfra á eigin verkum. Enn fremur sala á einkarétti eða höfundarrétti af uppfinningum eða hugverki.
Undanþágan á eingöngu við um sölu höfundar á frumverkinu.
 12. Sala eða notkun á heitu og köldu vatni ásamt vatnsmælaleigu.
Undanþágan tekur bæði til jarðhitavatns og upphitaðs vatns frá sameiginlegum kyndistöðvum.
 13. Rafmagn til hitunar húsa og laugarvatns.
Undanþágan nær ekki til neins konar annarrar notkunar rafmagns.
 14. Þjónusta banka og sparisjóða. Sama gildir um stofnanir og sjóði sem hafa með höndum hliðstæða starfsemi, enda hafi þeir fengið opinbera viðurkenningu.

15. Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, skíðalyftum, sundstöðum, kappreiðum og góðhestakeppni.
16. Fæðissala mótuneyta skólafólks og starfsmannahópa, svo og fæðissala atvinnurekenda til starfsmanna sinna.
Undanþágan tekur aðeins til fæðissölu þessara aðila en ekki til sölu á sölu-skattsskyldu efni til þeirra.
17. Skipa- og loftfaraleiga greidd af erlendum aðilum og í erlendum gjaldeyri.
18. Prentun dagblaða og hliðstæðra blaða, svo og prentun vörumiða og umbúða um söluvöru.
19. Hafnar-, vita- og lendingargjöld.
20. Iðgjöld af seldum líftryggingum, farmtryggingum vegna flutnings milli Íslands og annarra landa, skipa- og loftfaratryggingum, slysa- og starfshæfnistryggingum flugáhafna, svo og slysatryggingum sem atvinnurekendur eru skuldbundnir samkvæmt kjarasamningi að kaupa fyrir starfsmenn sína.
21. Vélbinding heys.
22. Verðjöfnunargjald raforku skv. 2. gr. laga nr. 83/1974.
23. Leiga skýrsluvéla.
24. Aðgangseyrir að leiksýningum og tónleikum, enda séu skemmtanir þessar ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomuhald.
25. Vinnsla á rekavið, enda sé hún framkvæmd af eiganda eða rétthafa rekans.

IV. KAFLI

UM TILHÖGUN BÓKHALDS, FYLGISKJÖL OG GJALDSTOFNA

15. gr.

Allir þeir sem innheimta söluskatt skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960 með áorðnum breytingum skulu, auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. 51/1968 um bókhald, haga bókhaldi sínu og söluskattsuppgjöri þannig að skattyfirvöld geti ávallt gengið úr skugga um réttmæti söluskattsskýrslna, og á það einnig við um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt áðurgreindum lögum um bókhald.

16. gr.

Reki aðili margþætta starfsemi, þannig að sumir þættir hennar eru söluskattsskyldir en aðrir söluskattsfrjálsir, skulu hin söluskattsfrjálsu og söluskattsskyldu viðskipti greinilega aðgreind bæði í bókhaldi og á söluskattsskýrslu.

Þeir aðilar sem selja bæði söluskattsfrjálsar og söluskattsskyldar vörur skulu halda innkaupum á skattfrjálsum og skattskyldum vörum aðgreindum í bókhaldi sínu.

17. gr.

Söluskattsskyldir aðilar skulu annað hvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á söluskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á söluskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt, bæði að því er varðar skiptingu heildarveltu og frádráttar.

Þeim smásöluverslunum sem ekki hafa aðstöðu til að halda söluskattsskyldri og söluskattfrjálsri sölu aðgreindri á sölustigi er heimilt að miða söluskattsuppgjör sitt við heildarveltu og reiknað útsöluverð keyþra vara á hverju uppgjörstímabili án tillits til birgða í byrjun eða við lok hvers tímabils, eftir því sem nánar er ákveðið í þessari grein, enda sé innkaupum á skattfrjálsum og skattskyldum vörum haldið aðgreindum í bókhaldi, sbr. 2. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar. Heimilt er að velja milli eftirtalinna uppgjörsaðferða:

1. Útsöluverð hinna keyptu vara skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald og flokkað á milli söluskattsfrjálsra og söluskattsskyldra vara. Við söluskattsskil fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð keyptra vara í hvorum flokki fyrir sig reiknað saman. Heildarveltu á hverju uppgjörstímabili skal síðan skipt milli söluskattsfrjálsrar sölu og söluskattsskyldrar sölu í sömu hlutföllum og eru á milli reiknaðs útsöluverðs innkaupanna á tímabilinu. Til frádráttar heildarveltu á söluskattsskýrslu færast það hlutfall heildarveltunnar sem svarar til hlutfalls útsöluverðs keyptra söluskattsfrjálsra vara á tímabilinu. Við skil síðasta mánaðar hvers árs skal fara fram afstemming á heildarsöluskattsskilum liðins árs. Útsöluverð keyptra vara í hvorum flokki skal reiknað saman fyrir öll tímabilin og hlutföll heildarveltu ársins reiknuð í samræmi við það. Söluskattsskil síðasta mánaðar ársins skulu miðast við söluskattsskylda veltu ársins samtals að frádraginni þeirri veltu sem söluskatti hefur þegar verið skilað af á árinu.
2. Útsöluverð keyptra söluskattsfrjálsra vara skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald. Við söluskattsskil fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð söluskattsfrjálsra vara reiknað saman og fært til frádráttar frá heildarveltu á söluskattsskýrslu tímabilsins að frádraginni sannanlegri rýrnun.
3. Útsöluverð keyptra söluskattsskyldra vara skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald. Við söluskattsskil fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð söluskattsskyldra vara reiknað og að frádraginni sannanlegri rýrnun dregið frá heildarveltu tímabilsins. Mismunurinn skal færður til frádráttar heildarveltu á söluskattsskýrslu uppgjörstímabilsins sem sala skattfrjálsrar vöru.

Smásöluverslanir geta valið á milli þeirra uppgjörsaðferða er lýst er í 2. mgr. þessarar greinar en ávallt skal fylgja þeirri aðferð sem í upphafi er valin. Skattstjóri getur heimilað söluskattsskyldum aðila að breyta um uppgjörsaðferð að fenginni umsókn hans þegar breytingar verða á starfsemi eða aðstöðu aðila. Enn fremur getur skattstjóri heimilað söluskattsskyldum aðila, sem rekur margþætta starfsemi, að nota mismunandi uppgjörsaðferðir fyrir hina ýmsu þætti starfseminnar, enda skili hann söluskattsskýrslu fyrir hvern þátt hennar.

Í stað þess að reikna og færa útsöluverð á hverjum innkaupareikningi er heimilt að sundurliða innkaupin á hverju uppgjörstímabili í álagningarflokkum og reikna síðan saman útsöluverð innkaupa skv. 2. mgr. þessarar greinar eftir þeirri sundurliðun. Í stað þess að sundurliða innkaupin og færa útsöluverð þeirra í aðalbókhaldi er enn fremur heimilt að færa þau í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu.

Peir aðilar sem jöfnum höndum framleiða og selja til neytenda bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur og ekki geta haldið sölunni aðgreindri á sölustigi skulu reikna og færa útsöluverð hinna keyptu eða framleiddu vara á þann hátt sem segir í 2. eða 4. mgr.

Fyrir gjalddaga hvers uppgjörstímabils skal stemma af og skrá niðurstöður þeirra reikninga, bóka eða yfirlita sem færslur á söluskattsskýrslu byggjast á. Ávallt skal vera hægt að rekja einstakar fjárhæðir í uppgjörsgögnum til þeirra færslna sem á er byggt í aðalbókhaldi.

Þegar verulegar breytingar verða á birgðum aðila, sem notað hefur uppgjörsaðferðir þær sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar, t. d. vegna þess að innkaupavenjur hans breytast, starfsemin breytist að öðru leyti eða rekstri er hætt, getur skattstjóri ákveðið að skipting heildarsölu í söluskattsskylda og söluskattsfrjálsa sölu skuli vera sú sama og næstu þriggja uppgjörstímabila á undan.

Öll gögn varðandi söluskattsskýrslur skulu geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

18. gr.

Sérhver sala eða afhending á vöru, verðmæti og þjónustu skal skráð í frumbækur, jafnskjótt og salan eða afhendingin fer fram, þar með talin hvers konar afborganaviðskipti, viðskipti gegn víxlum eða viðskipti, sem fram fara á annan hliðstæðan hátt. Ef afhending selðrar vöru fer fram í mörgu lagi skal skrá hverja einstaka afhendingu í frumbækur.

Í bækur þessar skal skrá dagsetningu, nafn og heimilisfang kaupanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarfjárhæð. Hver nóta eða reikningur í frumbók skal einnig bera greinilega með sér nafn og heimilisfang seljanda.

Heimilt er að hafa laus reikningseyðublöð í stað frumbóka. Blöð frumbóka og laus reikningseyðublöð skulu vera fyrirfram tölusett í samfelldri töluröð, enda sé ekki notað öruggara eftirlitskerfi.

Frumbækur og reikningar skulu færðir a. m. k. í tvíriti. Óski viðskiptamaður þess skal honum ætíð látið í té samrit í hvert sinn er afhending vöru eða þjónustu fer fram. Eitt eintak skal varðveitt í réttri töluröð, og skal vera hægt að rekja færslu á sölu í bókhaldi til þeirra frumgagna sem færslurnar byggja á.

Pegar selt er til endurseljenda, sbr. 6. gr., eða sala er undanþegin söluskatti skv. 13. gr. skal jafnframt eitt eintak af sölunótu eða reikningum liggja fyrir í stafrófsröð, ef ekki er færð sérstök viðskiptamannabók yfir alla slíka sölu, og gildir það bæði um láns sölu og staðgreiðslusölu.

19. gr.

Reikningar og nótur skulu bera greinilega með sér hvort söluskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð eða ekki. Þegar söluskattur er ekki innheimtur af heildarfjárhæð reiknings skal söluskatturinn tilgreindur sérstaklega, og koma skal greinilega fram af hvaða fjárhæð hann er reiknaður.

Við sölu til endurseljanda skal halda vörum sem undanþegnar eru söluskatti aðgreindum frá öðrum vörum, þannig að þær séu færðar á sérstaka reikninga. Á reikningi vegna sölu vara til endursölu skal tilgreina númer söluskattsskírteinis kaupanda.

20. gr.

Pegar seldum verðmætum er skilað til seljanda skal gefa út innleggsnótu (kreditnótu) með tilvísun til fyrri úttektarnótu eða reiknings. Sama gildir um afslátt, sem veittur er eftir að nóta eða reikningur hefur verið skrifaður, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

21. gr.

Peir sem taka framleiðslu annarra til vinnslu og/eða endursölu skulu gefa út innleggsnótur (afreikninga) eða móttökukvittanir, og gilda sömu reglur um efni þeirra og rakið er í 18. gr., eftir því sem við á. Á þetta m. a. við um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra aðila á framleiðsluvörum bænda, sjávarafla og hvers konar iðnarvörum, fullunnum og hálfunnum.

22. gr.

Staðgreiðslusala smásöluverslana, svo og persónuleg þjónusta sem veitt er gegn staðgreiðslu í matsölu-, veitinga- og gististöðum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum og rakarastofum, eða af hálfu hliðstæðra aðila, er undanþegin skráningarskyldu í frumbók skv. 18.—21. gr. þessarar reglugerðar. Þegar slík sala er ekki færð í fyrirfram tölusettar frumbækur eða á reikninga, sbr. 18. gr., skal annað hvort nota dagsetta, áritaða strimla úr lokuðum sjóðvélum eða dagsetta, áritaða staðgreiðslusölulista til sönnunar fyrir daglegri færslu staðgreiðslusölu í sjóðbók. Á staðgreiðslusölulista, sem skulu vera fyrirfram tölusettir í samfelldri töluröð, skal skrá hverja innborgun vegna staðgreiðslusölu fyrir sig og jafnóðum og hún fer fram og samtölu innborgana hvers dags. Ef staðgreiðslusala er skráð í lokaða

sjóðvél verður tækið að vera búð innra strimli sem á lesanlegan hátt sýni einstakar innborganir.

Sjóðtalningu og afstemmingu við sjóðreikning skal framkvæmd daglega eða reglulega, allt eftir tegund starfsemi.

Aðilar sem hafa ekki möguleika á því að nota lokaðar sjóðvélar eða færa staðgreiðslu-sölulista vegna sérstakra verslunarháttanna (t. d. smásala frá opnum vagni eða stæði eða torgsala) skulu færa daglega staðgreiðslusölufirlit í fyrirfram innbundna, tölusetta bók sem liggja skal til grundvallar fyrir færslu á staðgreiðslusölu í sjóðbók.

Í slíkri bók skal a. m. k. eftirfarandi koma fram:

Peningar og ávísanir við lok starfsdags	kr.
+ Útborganir, t. d. greidd vörukaup, laun, peningaúttekt eiganda, lagt í banka, afborganir o. s. frv.	kr.

	kr.
÷ Innborganir, t. d. innborganir frá skuldunautum, húsaleiga og aðrar innborganir sem ekki teljast sala	kr.

	kr.
÷ Peningar við upphaf starfsdags	kr.
= Staðgreiðsla	kr.

Fylgiskjöl fyrir staðgreiðslusölu samkvæmt þessari grein skulu áritast af verslunarstjóra eða öðrum ábyrgum starfsmanni og geymd eins og önnur bókhaldsgögn.

23. gr.

Pegar notað er annað öruggt eftirlitskerfi en lýst er í 18.—22. gr. getur fjármálaráðuneytið veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum þeirra greina.

24. gr.

Eigi er seljanda vöru eða þjónustu heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, nema óyggjandi sé að ekki sé um sölu til neytenda að ræða.

Sala söluskattsskylds verðmætis án söluskatts er aldrei heimil, nema kaupandi hafi tilkynnt starfsemi sem endurseljandi þeirrar vöru eða vinnu sem seld er og hafi í höndum skírteini, sbr. 6. gr.

Nú hefur endurseljandi keypt vöru, vinnu eða þjónustu og greitt af því söluskatt og er honum þá heimilt að draga innkaupsverðið frá söluskattsskyldri veltu sinni, sbr. 28. gr. Hafi hann hins vegar enga söluskattsskylda veltu fram að telja, eða söluskattsskyld velta hans nemur lægri fjárhæð en nefnd innkaup, skal hann fá endurgreiddan þann söluskatt sem hann þannig hefur ofgreitt. Endurgreiðsla kemur þó eigi til greina, nema hinn ofgreiddi söluskattur sé minnst 10 kr. á ári.

25. gr.

Söluskattur miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði vöru, starfsemi og þjónustu án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds, án tillits til þess í hverju greiðsla er fólgin og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Söluskattur samkvæmt reglugerð þessari telst þó ekki með heildarandvirðinu.

Sé um að ræða skipti á vöru eða þjónustu, gjafir, afhendingu vöru án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vöru eða þjónustu skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum.

Við sölu vöru í umboðssölu skal skatturinn reiknast af heildarandvirði vörunnar. Framreiðsla á veitingastöðum telst ekki umboðssala.

Af skemmtunum, sem aðgangur er seldur að, skal söluskatturinn reiknaður af söluverði aðgöngumíða að meðtöldum skemmtanaskatti. Sé aðgangur ekki seldur skal skatturinn miðast við veltu sem svarar til raunverulegs kostnaðar við skemmtunina.

26. gr.

Vanræki aðili að taka söluskatt af vöru, vinnu eða annarri þjónustu, sem söluskattsskyld er samkvæmt reglugerð þessari, ber honum eigi að síður að standa skil á söluskattinum.

V. KAFLI

UM FRAMTÖL, GJALDDAGA, INNHEIMTU, ÁLAGNINGU, KÆRUR OG ÚRSKURÐI

27. gr.

Söluskattsskyldir aðilar og aðrir sem tilgreindir eru á söluskattsskrá, sbr. 5. gr., skulu ótilkvaddir greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, söluskatt þann sem þeim ber að standa skil á samkvæmt reglugerð þessari. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um heildarveltu fyrir síðasta mánuð, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, söluskattskylda sölu og söluskatt þann sem inn ber af hendi.

Söluskattsskýrslu með upplýsingum um heildarveltu og frádrátt ber einnig að skila innheimtumanni fyrir hvert uppgjörstímabil þótt ekki hafi verið umsöluskattsskylda sölu að ræða. Innheimtumenn skulu veita skýrslu viðtöku þótt eigi fylgi greiðsla.

Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, skal, eftir nánari ákvörðun skattstjóra, láta í té sérstaka söluskattsskýrslu fyrir hverja þeirra. Skattstjóri getur ákveðið að aðili sem rekur starfsemi á fleiri en einum stað skuli láta í té sérstaka skýrslu fyrir hvern starfsstað.

28. gr.

Á söluskattsskýrslu skal greina, auk nafns greiðanda og fleiri auðkenna, eins og skýrslu-eyðublaðið ber með sér:

A. Heildarveltu:

1. Heildarandvirði allra seldra vara, þar með skattfrjálsra vara, svo og seldrar vinnu og þjónustu án nokkurs frádráttar og að meðtöldum söluskatti.
2. Úttekt greiðanda úr eigin fyrirtæki, þar með taldar þær vörur, vinna og þjónusta, sem út er tekin til afnota fyrirtækisins sjálfs. Skattverðið miðast við almennt söluverð.
3. Annað, svo sem verðmæti vöru eða þjónustu sem lätin er í skiptum sem greiðsla fyrir vöru eða þjónustu.

B. Frádrátt:

1. Söluverð þeirra vara og þjónustu sem undanþegin er söluskatti.
2. Söluverð skattskyldra vara sem seldar eru til endurseljanda án söluskatts, enda liggja fyrir söluótur yfir söluna, sbr. 18. gr.
3. Innkaupsverð þeirra vara, vinnu og þjónustu sem endurseljandi kann að hafa keypt til endursölu með söluskatti.
4. Annan frádrátt:
 - 4.1. Útsöluverð á tóbaksvörum, bensíni og olíu, sbr. 3. og 4. tl. 33. gr., þ. e. til frádráttar heildarveltu á hverju uppgjörstímabili skal færa það söluverðmæti

sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og innflytjendur bensíns og olíu hafa gert aðila að greiða skatt af á sama uppgjörstímabili.

4.2. Söluverð aðgöngumiða sem söluskattur hefur verið greiddur af, sbr. 2. tl. 33. gr.

4.3. Vinnu við húsbyggingar, skipa- og loftfaraviðgerðir eða aðra söluskattfrjálsa sölu sem kynni að vera innfalin í heildarveltu og ekki er talin hér áður.

Ef frádráttur skv. B-liðum er hærri eitthvert uppgjörstímabil en samanlögð velta skv. A-liðum þá skal það sem umfram er dregið frá veltu næsta, eða eftir atvikum næstu uppgjörstímabila eða endurgreitt skv. síðustu mgr. 24. gr.

Til viðbótar því sem skýrslueyðublöðin gefa tilefni til skal söluskattsskyldur aðili skýra frá öðrum atriðum sem kunna að skipta máli um söluskattsskilin. Einnig er sölu-skattsskyldum aðila skylt að láta skattfyrirvöldum í té í því formi, sem óskað er, nánari sundurliðun á skattfrjálsri sölu og öðrum frádráttarliðum, svo og styðja þá gögnum ef þess er óskað.

29. gr.

Að liðnum eindaga söluskatts hvers mánaðar skulu innheimtumenn ríkissjóðs senda viðkomandi skattstjóra eintak af öllum söluskattsskýrslum sem þeim hafa borist næstliðið tímabil. Á skýrslurnar skal færa greiðslukvittun innheimtumanns, ef greitt var.

Skattstjóri skal rannsaka söluskattsskýrslurnar og leiðrétt skattinn ef hann er rangt tilgreindur. Einnig skal skattstjóri áætla söluskatt af viðskiptum þeirra sem eigi hafa skilað fullnægjandi skýrslu innan tilskilins tíma. Tilkynna skal innheimtumanni og skattgreiðanda leiðréttan eða áætlaðan söluskatt.

30. gr.

Söluskatti ásamt söluskattsskýrslu, sbr. 27. gr., skal skila fyrir hvern mánuð. Gjaldtagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

31. gr.

Skattstjóri getur heimilað þeim sem hafa smávægilegan rekstur með höndum að greiða söluskatt við framvísun söluskattsskýrslu einu sinni á ári, enda sé söluskattsskyld velta yfirleitt minni en 10 000 kr. á ári.

32. gr.

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi gert fullnægjandi skil á eindaga skal hann sæta álagi samkvæmt 38. gr. auk þess sem hann getur sætt viðurlögum skv. 39. gr.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum eða álagi skv. 38. gr. og sektum skv. 39. gr. á tilskildum tíma, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

33. gr.

Eftirfarandi sérákvæði gilda um innheimtu söluskatts af neðantalinni starfsemi og viðskiptum:

1. Seljendur skulu innheimta söluskatt af verði allrar söluskattsskyldrar vöru og þjónustu sem seld er í smásölu og skiptir þá ekki máli, hvort um er að ræða sölu til neytenda eða endurseljenda. Þó skal ekki innheimta söluskatt af sölu á timbri, trjávörum, steypustyrktarjárn og sementi til endurseljenda, sbr. 6. gr.
2. Söluskatt af aðgangseyri að skemmtunum, sem eru skemmtanaskattsskyldar, skal innheimta með skemmtanaskatti. Söluskatt af aðgangseyri að skemmtunum, sem ekki eru

skemmtanaskattsskyldar skal innheimta þegar leyfi er veitt til skemmtunar, nema um fastan rekstur samkomuhúss sé að ræða.

3. Af tóbaksvörum og eldspýtum, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skulu þeir aðilar, sem hafa með höndum smásölu slíkra vara, greiða henni söluskatt um leið og þeir greiða kaupverð varanna, og skal skatturinn miðaður við smásöluverð.
4. Innflytjendur olíu og bensíns skulu taka söluskatt við sölu eða afhendingu þessara vara til umboðsmanna sinna eða annarra aðila. Skatturinn skal miðast við smásöluverð.
5. Ef ársvelta nemur eigi meira en 10 kr. skal söluskattur ekki innheimtur.

34. gr.

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á söluskatti geta kært hann til hans innan 10 daga frá því að skattur var ákveðinn. Skattstjóri skal kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi innan 10 daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði hans má áfrýja til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera 15 dagar frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra og úrskurðarfrestur ríkisskattanefndar jafnlangur.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta ákvörðun skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um söluskattsskyldu frestar ekki eindaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans. Verði sölu-skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

35. gr.

Ágreining um söluskattsskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, en það skal þó gert innan 6 mánaða frá því ríkisskattanefnd úrskurðaði málið.

VI. KAFLI

UM EFTIRLIT OG UPPLÝSINGASKYLDU

36. gr.

Skattstjórum er heimilt að krefjast af þeim, sem telja má gjaldskylda, allra nauðsynlegra gagna til skýringar á söluskattsskýrslum. Ennfremur er skattyfirvöldum heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum aðila, samningum, verslunarbréfum og öðrum slíkum skjölum, til athugunar og endurskoðunar. Á sama hátt er heimilt að krefja söluskattsskylda aðila og ábyrga forstöðumenn söluskattsskyldra fyrirtækja eða stofnana um nauðsynlegar upplýsingar, svo og að þeir veiti eftirlitsmönnum eða endurskoðendum skattyfirvalda aðgang að skrifstofum, vinnustöðvum, vörugymsluhúsum og öðrum þess háttar stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits með viðskiptum hlutadeigenda.

Þá hafa skattstjórar rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim er hafa keypt af sölu-skattsskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með að krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra sem hafa verslun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um féлга sína og atvinnu þeirra og rekstur.

Opinberar stofnanir skulu veita aðgang að öllum gögnum, er að dómi skattstjóra eru nauðsynleg til endurskoðunar framtals og ákvörðunar skatts, og er forstöðumönnum og starfsmönnum nefndra stofnana skylt að láta skattstjóra eða starfsmönnum hans í té alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar sem óskað er eftir og unnt er að veita.

Hafi skattstjóri grun um að verulegur undandrátur á söluskatti hafi átt sér stað skal

hann senda skattrannsóknarstjóra skýrslu um málið. Þegar skattrannsóknarstjóra hefur borist slík skýrsla skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

37. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um að sem best samræmi sé í söluskattsákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt er að söluskattsákvörðunum og söluskattsframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af dómum og úrskurðum sem almennt gildi hafa.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri geta af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara, og skal rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Geta þessir aðilar í því skyni krafist allra upplýsinga hjá söluskattsskyldum aðilum og öðrum, sem framkvæmd þessara laga varðar, á sama hátt og skattstjórar skv. 36. gr. Einnig hafa þeir heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um söluskattsákvörðun og getur hann þá gert aðila söluskatt að nýju. Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi áður en söluskattur er reiknaður að nýju samkvæmt þessari grein. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir ákvæðum 34. gr.

VII. KAFLI

UM GREIÐSLUDRÁTT, VANREIKNANAN SKATT, VIÐURLÖG OG FLEIRA

38. gr.

Sé söluskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt söluskattsskýrslu eða til viðbótar þeim söluskatti sem honum bar að standa skil á, sbr. 26. gr. Sama gildir ef söluskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og söluskattur því áætlaður, nema aðili hafi greitt fyrir eindaga söluskattsins upphæð sem til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. 4% álag af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærra en 20%.
2. Álag til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga er sé hið sama og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Við útreikning á álagi á áætlaðan söluskatt telst eindagi sá sami og eindagi söluskatts þess mánaðar sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreiddan eða ógreiddan söluskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi söluskattsskýrslu innan kærufrests skal hann greiða söluskatt samkvæmt skýrslunni auk álags skv. 2. mgr. þessarar greinar. Kæri aðili áætlaðan söluskatt skal hann greiða söluskatt samkvæmt kærúrskurði auk álags skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Komi í ljós að aðila sem greiða átti söluskatt hafi ekki verið áætlaður skattur, eða áætlun verið lægri en sá skattur sem honum bar að greiða, skal hann greiða þann skatt sem honum bar, auk álags skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. þessarar greinar, ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og fær aðili þá kærufrest að nýju, nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur að söluskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglugerðar þessarar um tilhögun

bókhalds. Jafnframt er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur að færsla á sölu í bókhaldi eða öðrum þeim þáttum sem söluskattsskýrsla á að byggjast á styðst ekki við gögn, sem ákvæði reglugerðar þessarar mæla fyrir um, eða ef bókhald og gögn sem liggja fyrir um fjárhæðir á söluskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Ennfremur er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef ekki er lagt frambókhald eða önnur gögn, sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannpröfunar á söluskattsskýrslu, sbr. 36. og 37. gr. Ákvæði 2.mgr. þessarar greinar eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan má gera aðila að greiða söluskatt 6 ár aftur í tímunn, talið frá byrjun þess árs þegar álagning fer fram. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á söluskattsskilum aðila reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

39. gr.

Skýri söluskattsskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um söluskatt hans, eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma söluskattsskýrslu eða þann söluskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta, skal hann auk ógreidds söluskatts greiða sekt allt að tífaldrí þeirri fjárhæð, sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Álag skv. 1. tl. 2. mgr. 38. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína eftir 1., 2. og 3. mgr. 5. gr., misnotar skírteini það, sem um ræðir í 6. gr., vanrækir þá skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt reglugerð þessari, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í reglugerð þessari, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju, er varðar söluskattsskýrslu hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, skal hann sæta sektum allt að 50 000 kr., enda liggja eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessari reglugerð eða lögum.

Verði brot á 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús, skal greiða úr búinu sekt, er nemi allt að fjórfaldrí þeirri skattfjárhæð, sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir, má gera búinu sekt allt að 25 000 kr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi söluskattsskýrslur annarra aðila eða gegnir ekki skyldur sinni skv. 36. gr. skal greiða sekt allt að 100 000 kr. Sömu sekt skal sá sæta sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir reglugerð þessari má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirvarsmaður lögaðila framið brot á reglugerð þessari má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á reglugerð þessari er refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, og varða slíkt brot sektum allt að 100 000 kr., nema öðru vísi sé ákveðið í grein þessari.

40. gr.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 39. gr., nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. þessarar greinar. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurður ríkisskattanefndar um sektir eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á reglugerð þessari. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfs-

dáðum, svo og eftir ósk sökunautar, ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanefnd.

Mál vegna brota á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn reglugerð þessari renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatta eftir lögunum, þar á meðal um lögtaksrétt. Einnig má beita ákvæðum 2. mgr. 32. gr. við innheimtu þeirra.

Sök skv. 39. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattransóknarstjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

VIII. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

41. gr.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þessi þagnarskylda og ábyrgð hennar helst þó að hlutaðeigandi starfsmenn láti af starfi sínu.

42. gr.

Skattstjórar skulu árlega semja og leggja fram söluskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina ákvarðaðan söluskatt hvers söluskattsskylds aðila. Söluskattsskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar söluskattsskrá liggur frammi.

43. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði um í reglugerð þessari, fer skv. lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

44. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 og 22. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 11/1975, sbr. og 40. gr. laga nr. 7/1963, 1. gr. laga nr. 76/1967, II. kafla laga nr. 10/1974, 1. gr. laga nr. 76/1975, lög nr. 26/1978, lög nr. 106/1978, lög nr. 27/1979, lög nr. 12/1980 og lög nr. 23/1980, sbr. ennfremur lög nr. 73/1979, lög nr. 85/1979, lög nr. 23/1982 og lög nr. 33/1982.

45. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 169 31. ágúst 1970, reglugerð nr. 210 2. ágúst 1973, reglugerð nr. 82 10. maí 1974, reglugerð nr. 144 30. apríl 1975, reglugerð nr. 345 27. september 1977, reglugerð nr. 263 18. júlí 1978, reglugerð nr. 316 8. september 1978, reglugerð nr. 424 27. nóvember 1978, reglugerð nr. 431 27. desember 1978, reglugerð nr. 197 11. maí 1979, reglugerð nr. 249 12. júní 1979, reglugerð nr. 450 15. nóvember 1979, reglugerð nr. 230 2. maí 1980, reglugerð nr. 266 28. maí 1980, reglugerð nr. 427 29. júlí 1980, reglugerð nr. 446 29. júlí 1981 og reglugerð nr. 564 9. október 1981.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ákvæði 22. gr. reglugerðar

Þessarar ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1983 og skulu ákvæði 22. gr. reglugerðar nr. 169 31. ágúst 1970 halda gildi sínu til þess tíma.

Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

1. gr.

210. gr. 2. tl. orðist svo:

Ef aðili sinnir ekki innan tilteknis frests fyrir mælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 1 500,00 krónum, þar til úr er bætt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 27. gr. 4. tl. sömu laga öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. ágúst 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka um 7.5% frá og með 1. september 1982 frá því sem þær voru í ágúst 1982.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. ágúst 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.